

# Frumvarp til laga

um

breyting á póstlögum 16. nóv. 1907.

(Lagt fyrir alþingi 1914.)

Á eftir staflíð b. í 16. gr. í póstlögnum 16. nóvember 1907 komi nýr staflíður svo hljóðandi:

c. Þegar skaðinn stafar af óviðráðanlegum atburðum, hernaði eða borgarastyrjöld (vis major).

Stjórnarráðið getur gert undantekning frá þessu ákvæði með reglugjörð.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Póstmeistarinn hefir 8. apr. þ. á., ritað stjórnarráðinu á þessa leið:

»Með brjefi, dags. 18. september og 5. október 1911 skýrði jeg stjórnarráðinu frá því, að jeg hefði komist að svo góðum váttryggingarskilyrðum hjá Schweizisk National-Forsikrings-Selskab í Basel að jeg sæi eigi ástæðu til að fara fram á hækkun á verðburðargjaldi undir sendingar til Danmerkur, enda eigi eðlilegt að það yrði gjört mörgum sinnum hærra en til annara landa.

En síðan hefir orðið allmikil breyting á, því að bæði hafa váttryggingarskilyrðin orðið erfiðari, þar sem nú er eigi hægt að váttryggja í nefndu fjelagi fyrir hið lága váttryggingargjald aðra muni en peninga, dýra málma og verðmæt skjöl, og svo hefir verðmæti vöruböggla aukist ákaflega mikið.

Skal jeg sjerstaklega nefna nýja tegund sendinga, hinar svo nefndu kvikmyndir (films).

Hjer í bænum eru nú tvö kvikmyndaleikhús og verið að búa út hið þriðja.

Það má gjöra ráð fyrir að hvert þessara leikhúsa um sig fái 200 kvikmyndaböggla á ári, sem hver um sig er verðlagður á 500 krónur. Þar að auki er verið að koma upp kvikmyndaleikhúsum á fleiri stöðum hjer á landi. En allir þessir kvikmyndabögglar eru auðvitað sendir til útlanda aftur og sama verð tilgreint á þeim.

Refaskinn eru og komin í hátt verð og refarækt að byrja, en refaskinnin eru send til útlanda í pósti og sett á þau afarhátt verð. Æðardún er farið að senda á þann hátt líka og fleiri vörur.

Samkvæmt 16. gr. póstlaganna 16. nóv. 1907 ber póststjórnin ábyrgð á öllum póstsendingum frá því þær eru afhentar í póst og þangað til þeim er skilað viðtakendum eða útlendum póststjórnnum, þegar þær eiga að fara til útlanda, hvort sem póststjórnin eða starfsmenn hennar eiga sök á að sendingar glatast, eða það stafar af ofurefli eða slíku (vis major).

Vátrygging á verðsendingum öðrum en peninga- og verðbrjefasendingum, þegar þær eru sendar með skipum, kostar nú póstsjóð 2 kr. 50 a. fyrir hverjar 1000 kr. innanlands, en 7 kr. 50 a. fyrir hverjar 1000 kr. til útlanda, en fyrir það að ábyrgjast hverjar 1000 kr. af verðmæti póstsendinga bæði á sjó og landi, eins og að ofan segir, fær póststjórnin eftir núgildandi töxtum:

innanlands	50 aura
til Danmerkur og Færeyja	80 aura
til nágrannalanda Danmerkur (Svíaríkis og Þýskalands)	20 $\frac{27}{100}$ aura
til annara landa	36 $\frac{11}{100}$ aura

Jeg imynda mjer að hið háa stjórnarráð sje mjer samdóma um, að verðburðargjald það, sem vjer nú fáum, sje langt of lágt fyrir svo viðtæka ábyrgð, sem póstlögin gjöra ráð fyrir, enda þólt hægt væri að fá sjóvátrygginguna færða niður úr því, sem áður segir, um 33 0/0, sem jeg get búist við, ef samningur væri gjörður um vátryggingu á öllum verðsendinum í hverri skipsferð.

Alþjóðapóstfjlagið heflr heldur eigi búist við, að tekin yrði ábyrgð á »vis major« fyrir svo lágt verðburðargjald, sem fyr greinir, og flestar þjóðir í fjelaginu hafa heldur eigi gjört það. Auðvitað getum vjer enn þá síður tekist á hendur svo viðtæka ábyrgð, þar sem vjer liggjum svo langt frá öðrum löndum og áhættan því meiri fyrir oss en aðrar þjóðir, og vátryggingargjaldið þar af leiðandi hærra.

Af framan sögðu sýnist vera full ástæða til, að breyta póstlögunum þannig, að póstsjóður taki eigi ábyrgð á »vis major«, og jeg get eigi sjeð að nokkuð sje því til fyrirstöðu, hvorki eftir alþjóðapóstsamningum, sbr. 12. gr. verðbrjefasamningsins frá 26. maí 1906 og 15. gr. bögglapóstsamningsins frá sama degi, nje heldur eftir 10. gr. auglýsingar um sambandið milli hinna dönsku og íslensku póstmála innbyrðis frá <sup>16. september</sup> 28. ágúst 1907.

En með því að nú sem stendur er hægt að fá mjög ódýra vátrygging á peningasendingum og skeð gæti að vátryggingargjöld lækkuðu, en að hinu leytinu er í alþjóðapóstsamningunum, sbr. áður nefndar greinir, gefin heimild til að hækka verðburðargjaldið, ef tekin sje ábyrgð á »vis major«, þá sýnist mjer rjett að stjórnarráðinu sje í lögunum heimilað að gjöra undantekningar frá þessu ákvæði með reglugjörð, ef hin viðtækari ábyrgð gæti komist á, að minsta kosti fyrir pen-

ingasendingar, án mikillar áhættu fyrir póstsjóð og honum að kostnaðarlausu eða kostnaðarlitlu.

Jeg leyfi mér virðingarfyllt að senda hjer með frumvarp til laga um áðurnefnda breyting á póstlögnum, ef stjórnarráðinu kynni að þykja ástæða til að fá slík ákvæði leidd í lög.«

Með því að stjórnarráðið verður að fallast á röksemdafærslu og tillögur póstmeistarans í bræfi þessu, er frumvarp þetta lagt fyrir alþingi, og er ekki talin þörf á að tæra fyrir því frekari ástæður, en bræfið greinir.

---